



**Byggðaráð Blönduósbæjar - 84. fundur byggðaráðs Blönduósbæjar
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 29. mars 2017
og hófst kl. 15:00**

Fundinn sátu:

Guðmundur Haukur Jakobsson formaður
Zophonías Ari Lárusson varaformaður
Hörður Ríkharðsson aðalmaður
Arnar Þór Sævarsson sveitarstjóri.

Fundargerð ritaði: Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri Blönduósbæjar

Dagskrá:

1. SSNV - Fundargerð stjórnar 7. mars 2017 - 1703013

Fundargerð SSNV lögð fram til kynningar.

2. Ísorka - rafhleðslustöð - 1702014

Lagt fram ódagsett bréf frá Ísorku þar sem fyrirtækið býður sveitarfélaginu að tengja rafhleðslustöð, sem sveitarfélagið fékk að gjöf frá Orksölunni, við rekstrar- og upplýsingakerfi Ísorku.

Byggðarráð þakkar fyrir erindið. Málið er í vinnslu hjá sveitarfélaginu og ekki hægt að taka afstöðu að svo komnu máli.

3. Rarik ohf - Strenglagn milli Laxárvatns og Laxár í Refasveit - 1703015

Undanfarin ár hefur Rarik unnið markvisst að endurnýjun raforkukerfisins þar sem eldri loftlínur víkja fyrir jarðstrengjum.

Í sumar fyrirhugar Rarik meðal annars að leggja niður svokallaða Fellslínu með því að leggja jarðstreng í jörðu á milli Laxárvatns og Laxár í Refasveit. Með því er lokið strenglagningu á 11kV dreifikerfinu milli Blönduós og Skagastrandar, en 33kV flutningslínan verður þó áfram eitthvað um sinn.

Fyrir fundinn liggja samkomulag um lagningu jarðstrengja í landi Hnjúka og Vatnahverfis.

Byggðaráð samþykkir að fela sveitarstjóra og tæknideild að vinna frekar að málinu og ljúka því.

4. Umsögn - tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða - 1703016

Sveitarstjóra falið að skrifa umsögn um þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða í samræmi við umræður á fundinum.



5. Önnur mál

Lausir samningar 2017 - 1703009

Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi samninga:

- 1. Blönduósbær við Ungmennafélagið Hvöt um æskulýðs- og íþróttastarf.*
- 2. Blönduósbær við Golfklúbbinn Ós um rekstur og viðhald golfvallarins í Vatnahverfi*
- 3. Blönduósbær við Ungmennafélag Austur - Húnavetninga til eflingar á íþrótt- og æskulýðsstarfi í Austur - Húnavatnssýslu.*
- 4. Blönduósbær við Knattspyrnudeild ungmennafélagsins Hvatar um rekstur Blönduósvallar*
- 5. Blönduósbær við Hestamannafélagið Neista til að efla og styrkja hestaíþróttir á Blönduósi*
- 6. Blönduósbær við Björgunarfélagið Blöndu til að halda úti björgunarstarfsemi í Austur - Húnavatnssýslu*
- 7. Blönduósbær við Júdífélagið Pardus til eflingar á júdíþróttinni innan sveitafélagsins.*
- 8. Blönduósbær við Reiðhöllina Arnargerði ehf. um rekstur og afnot af reiðhöll.*

Sveitarstjóra falið að gera umræddar breytingar og ganga frá samningum.

Veiðifélag Laxár á Ásum - aðalfundarboð - 1703024

Aðalfundur veiðifélagsins Laxá á Ásum verður haldinn 1. apríl nk. á Eyvindastofu.

Byggðaráð samþykkir að Guðmundur Haukur Jakobsson fari með atkvæði sveitarfélagsins á fundinum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:45

Guðmundur Haukur
Jakobsson

Zophonías Ari Lárusson

Hörður Ríkharðsson

Arnar Þór Sævarsson



Byggðaráð
